



FÉLAG
ELÐRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/1752
komudagur 10.3.2008

Áskorun til stjórnvalda um kjaramál

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni skorar á stjórnvöld að hrinda í framkvæmd á þessu kjörtímabili eftirfarandi kröfum í kjaramálum eldri borgara.

1. Að kerfi lífeyristrygginga verði einfaldað svo það verði jafnframt virkast fyrir þá sem byggja meginafkomu sína á því,
2. að dregið verði frekar úr tekjutengingum bótaflokka með tilliti til þess að áhrif jaðarskatta verði ekki svo tilfinnanleg sem þau eru í dag. Sérstök áhersla verði lögð á að draga úr skerðingu tryggingabóta vegna tekna úr lífeyrissjóði,
3. að tryggja að öryrkjar, sem ná ellilífeyrisaldri, haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum,
4. að endurskoða ákvæði um endurkröfu lífeyrisgreiðslna frá TR.
5. Laun lífeyrisþega taki mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands sem birt var **18. desember** á sl. ári, eða kr. **226 þúsund** á mánuði fyrir utan skatta. (Vísitöluhækkun frá því könnun var gerð meðtalin) Þessi hækkun verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2009 að viðbættum vísitöluhækkunum og breytingum á neyslu einstaklinga, sbr. könnun Hagstofu Íslands.
6. Skattleysismörk hækki í kr. 150 þúsund á mánuði. Þessi breyting verði að fullu komin til framkvæmda 2009 með eðlilegum vísitöluhækkunum fram til þess tíma.
7. Frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna verði að lágmarki kr. 100 þúsund á mánuði.
8. Skattar á lífeyrissjóðsgreiðslum lækki úr 35,72% í 10,00%. Útfærslan verði ákveðin í samráði við aðila vinnumarkaðarins og samtök lífeyrisþega.
9. Vismenn á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum aldraðra haldi fullu fjárræði, þ.e. fái í eigin hendur allar bætur og greiði sjálfir hluta af þeim til stofnunarinnar.
10. Viðmiðunarhugtak almannatrygginga verði endurskoðað með það fyrir augum að óvæntur og óreglulegur ávinningur leiði ekki til afnáms lífeyrisréttar og skerðingar á bótum lífeyrisþegans eins og nú gerist t.d. við sölu gamalla verðbréfa eða sumarhúsa og viðtöku tryggingabóta vegna slysa.
11. Afnumin verði ákvæði núgildandi laga sem kveða á um að ef ellilífeyrisþegi missir rétt á grunnlífeyri, þá missi hann einnig allan rétt á öðrum bótum almannatrygginga.
12. Við fráfall ellilífeyrisþega haldi eftirlifandi maki/sambúðarmaki óskertum lífeyri hins látna frá almannatryggingum í sex mánuði, sem síðan skerðist í áföngum og falli niður að 12 mánuðum liðnum.